

Ídæmd iðgjöld geiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 5/1898:

Halldór Oddur Sigurðsson
 gegn
 Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Með veðskuldabryfi, dags. 10. okt. 1896, við urkennir áfrýjandinn, Halldór O. Sigurðsson, að hann þá skuldi verzlun W. Christensens á Eyrarbakka, sem hinn stefndi Jörgen Hansen veitti forstöðu, upphæðina 6 kr. 91 e.; lofar hann að borga skuld þessa, ásamt því er hann framvegis fái lán að hjá tjeðri verzlun, fyrir júlímánaðarlok 1897, og veðsetur ýmistlegt lausafje til tryggingar. Við lok júlímán. 1897 er skuldin orðin 92 kr. 61 e., og í ágústmán. s. á. borgar áfrýjandi svo upp í hana, að eigi standa eptir af henni nema 17 kr. 48 a. Þar eð áfrýjandi eigi greiddi þessa upphæð á þann hátt, er stefnda líkaði, stefndi hann áfrýjanda fyrir sáttanefnd með kæru, dags. 17. septbr. 1897, og með því að sáttum eigi varð á komið, stefndi hann málinu fyrir aukarjett Árnessýslu 5. oktbr. s. á., og er þá skuldakrafa hans 16 kr. 69 aur., af því að borgazt höfðu upp í skuldina hinn 22. sept. næst á undan 79 a. En á tímabilinu frá því málið var fyrir sáttanefnd og þangað til það kom fyrir rjettinn, hafði áfrýjandi farið til Reykjavíkur og borgað skuldina til verzlunar W. Christ-

ensens þar á staðnum. Þetta gjörði hann 29. sept. f. á., og segir stefndi, að sjer hafi verið tilkynnt þetta með brjefi W. Christensens í Reykjavík, dags. 12. okt. f. á. Var hann þá, eins og tekið hefur verið fram, búinn að stefna málinu fyrir aukarjett, og hafði þegar haft nokkurn kostnað af því; þegar málið fyrir því kom fyrir rjettinn 23. okt. f. á., slepti hann skuldarkröfunni, en krafðist þess, að Halldór Sigurðsson borgaði sjer að fullu eptir reikningi kostnað þann, er hann (stefndi) hefði haft af málinu, og tók rjetturinn með dómi sínum 31. desbr. f. á. þessa kröfu þannig til greina, að hann dæmði áfrýjanda til að greiða stefnda 20 kr. í þessu skyni. Dómi þessum hefur Halldór O. Sigurðsson, eptir að hafa fengið gjafsókn og skipaðan málfutningsmann, skotið til yfirdómsins með stefnu 21. jan. þ. á. og krafizt þess fyrst og fremst, að dómurinn verði úr gildi felldur, málinu vísað frá undirrjetti og áfrýjanda tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara, að áfrýjandi verði alveg sýknaður í málinu og að honum verði tildæmdur málskostnaður, svo og, hvernig sem fer, að hinum skipaða málsfærslumanni hans verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Á hinn bóginn hefur stefndi Jørgen Hansen krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga málskostnað.

Kröfu sína um frávisun málsins frá undirrjettinum byggir áfrýjandi á því, að þegar málinu var stefnt fyrir rjettinn, var skuldin borguð, en um hana eina hafi sátt verið reynd, en ekki um

málskostnaðarkröfuna, enda geti málskostnaðarkrafan ekki verið sjálfstætt málsatriði; svo sje og skuldarupphæðin sett hærri í sáttakærunni en í stefnunni (17 kr. 48 a. í kærinni, en 16 kr. 69 a. í stefnunni). Eins og tekið hefur verið fram, borgaði áfrýjandi skuldina í Reykjavík, eptir að hann hafði verið kallaður fyrir sáttanefnd og málið þannig var komið á hreyfingu og kostnaður var áfallinn í því; vitneskju um greiðsluna fjekk stefndi ekki fyr en hann var búinn að stefna málinu fyrir dóm og nýr kostnaður þannig var áfallinn; þenna kostnað borgaði áfrýjandi þó eigi, nje gjörði samning um hann. Það verður nú eigi álitid, að stefndi þyrfti að láta málið falla niður, þó sjálf skuldin væri borguð, nema því að eins að þessi kostnaður væri jafnframt borgaður, sem sjerstaklega er tilgreindur í sjálfri sáttakærunni og stefnunni. — Þess er áður getið, að hinn 22. sept. í. á. er talið borgað upp í skuld stefnda 79 a., og er fyrir því skuldarupphæðin talin lægri í stefnunni en í sáttakærunni og getur þetta atvik eigi verið ónýtingarástæða fyrir málið. Krafa áfrýjanda um frávisun málsins frá undirrettinum verður því ekki tekin til greina.

Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður í málinu, með því að það hafi verið höfðað gegn sjer að ástæðulausu. Hann hafi í ágústmán. í. á. boðið fram 34^{1/2} pd. af hvítri ull upp í skuldina og 6 kr. í innskript, en því hafi verið hafnað; hafi hann þannig gjört stefnda löglegt borgunartilboð, einkanlega með tilliti til þess, að stefndi hafði með auglýsingu í »Ísafold« gefið viðskipta-

mönnum sínum lúkningarfrest fyrir það fyrsta til septembermánaðarloka; svo hafi stefndi eigi borgað sjer prósentur af peningum þeim, sem áfrýjandi greiddi honum í ágústmán. f. á. upp í skuldina. Það verður þó með tilliti til þess, sem komið er fram af hálfu stefnda, að fallast á það, að með því að áfrýjandi hafði gefið út sjerstakt skuldarbrjef, þar er hann lofar að borga skuldina fyrir 31. júlímán. f. á., og með því að hann eigi fullnægði þessu lofordi sínu, þá verði framboð áfrýjanda í ágústmán. næst á eptir um að borga skuldina með ull og innskript eigi talið löglegt borgunarframboð, enda hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi þá verið búinn að afgreiða vöruskip sitt til útlanda, og hafi hann fyrir því eigi tekið ullina, en innskriptin hafi verið frá manni, sem ekki hafi átt inni við verzlun sína, og hafi hún því verið sjer verðlaus; og hefur þessari umsögn stefnda eigi verið hrundið. Af þessari sömu ástæðu, sem sje þeirri, að áfrýjandi stóð ekki í skilum samkvæmt skuldarbrjefinu, verður og að fallast á það, að hann hafi eigi átt heimtingu á prósentum af peningaborgun sinni til stefnda í ágústmánudi, og það verður eigi álitid að stefndi hafi með auglýsingunni í »Ísafold«, sem um er getið í málinu, veitt honum, sem hann hafði gjört *sjerstakan* samning við, borgunarfrest fram yfir það, sem ákveðið var í skuldarbrjefinu 10. okt. 1896.

Samkvæmt þessu verður að álita, að stefndi hafi haft lögmæta ástæðu til að lögsækja áfrýjanda og framhalda lögsókninni til dóms, með því að áfrýjandi eigi borgaði áfallinn kostnað eða gjörði

samning um hann, um leið og hann borgaði skuld sína til Christensens-verzlunar. Og með því að eigi þykir neitt að athuga við upphæð kostnaðarins, eins og hann er ákveðinn í aukarjettardóminum, ber að staðfesta dóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður, og verður hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eigi dæmt málsfærslukaup, en það vottast, að sóknin af hans hálfu hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja, áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1898:

Hið opinbera
gegn

B. H. Bjarnason.

D ó m u r :

Í máli þessu er hinn kærði kaupmaður B. H. Bjarnason í Reykjavík sakaður fyrir að hafa drýgt helgidagsbrot, með því að selja brennivín á 3ggja pelafloesku sunnudaginn 20. febr. þ. á., en með dómi lögleglurjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. s. m., var hann sjknaður af kæru hins opinbera; þó var honum gjört að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirjettarins.